

18. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra, f.h. jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins, að færa fullvirðisrétt mjólkurframleiðenda milli ríkisjarða innan sama búmarkssvæðis að fengnum meðmælum viðkomandi búnaðarsambands.

Einnig er landbúnaðarráðherra heimilt að færa fullvirðisrétt milli bóva í eigu ríkisins (tilraunabúa, skólabúa o.s.frv.).

19. gr.

Við ábúendaskipti á lögbýlum skal samanlögð framleiðsla fráfarandi bónda og þess sem tekur við teljast framleiðsla lögbýlisins á viðkomandi verðlagsári. Hefur framleiðsla fráfarandi bónda forgang í fullvirðisrétt býlisins á verðlagsárinu nema um annað sé samið milli aðila.

Framleiðanda er óheimilt, án samþykkis hlutaðeigandi búnaðarsambands, að selja eða leigja þann fullvirðisrétt til mjólkurframleiðslu sem hann hefur hlotið á grundvelli 14. gr. rg. nr. 339/1986 og 14. gr. rg. nr. 291/1987, sbr. einnig 4. tl. 11. gr. þessarar reglugerðar.

20. gr.

Sé jörð ekki í ábúð skal Framleiðsluráð landbúnaðarins innkalla fullvirðisrétt jarðarinnar, enda hafi jörðin verið í eyði í a.m.k. tvö ár og samningur ekki í gildi um ráðstöfun fullvirðisréttar.

Fullvirðisréttur sem fylgir innkölluðu búmarki skv. b lið 2. gr. og annar sá fullvirðisréttur sem fellur til búnaðarsambands kemur til endurúthlutunar á viðkomandi búmarkssvæði skv. ákvæðum í 2. tl. 12. gr.

21. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 59. gr. laga nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 26. júní 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 1988–2008.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 2. júlí 1990, staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Vestmannaeyja 1988–2008.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar ráðherra.

Félagsmálaráðuneytið, 2. júlí 1990.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Elly Guðmundsdóttir.